

FUNDARGERÐ STÝRIHÓPS UM FORVARNIR

1.fundur Stýrihóps um forvarnir í Húnaþingi vestra haldinn miðvikudaginn 9. Janúar 2012, kl: 09.00 í fundarherbergi Ráðhússins.

Mættir undirritaðir:

Dagskrá:

1. Helstu verkefni forvarnarhópsins fyrir árið 2012
2. Forvarnarstefna Húnaþings vestra

Samþykkt að taka á dagskrá: 112 dagurinn þann 11 febrúar. Tóbaksfræðsla. Samskiptadagurinn. Námsскеið. Vímuvarnarauglýsing í Sjónauka.

Afgreiðslur:

Áfram unnið með verkefni forvarnarhóps og lagt upp með að reyna að dreifa þeim yfir árið. Verkefnin sem nú þegar eru komin inn eru: 112 dagurinn 11.febrúar. Forvarnarkönnun meðal nemenda í 8.9 og 10.bekk í mars. Samskiptadagurinn í mars. 10.bekkjardagur í apríl. Hjálmanotkun í maí. Sýnikennsla og dreifing endurskinsmerkja í september. Vímuvarnavika í lok október. Baráttudagur gegn einelti í nóvember. 6H fræðsla frá skólahjúkrunarfræðingi sem samanstendur af hollustu, hreyfingu, hamingju, hvíld, hreinlæti og hugrekki er dreift yfir skólaárið til nemenda. Foreldrarölt er stýrt af sóknarpresti á Hvammstanga frá september og út apríl hvert ár og verður svo áfram.

Hópurinn samþykkir að forvarnarstefna Húnaþings vestra verði hugsuð á breiðum grunni, ekki eingöngu sem forvarnarstefna í áfengis- og vímuvörnum.

Þann 11. Febrúar næstkomandi er 112-dagurinn. Lagt er upp með að nýta nemendadaginn 9.febrúar til kynningar á deginum. Skoðað verður hugsanlegt samstarf slökkviliðs, björgunarsveitarinnar Húna, skólahjúkrunarfræðings og skólastjóra. Venja hefur verið að fara inn í 4. bekk til að kynna slysavarnir.

Kristín fræddi fundarmenn um tóbaksfræðslu og ákveðið var að leita góðra fyrirmynda í samfélaginu sem neyta ekki tóbaks. Einnig að fræða sérstaklega nemendur um skaðsemi tóbaks, þá sérstaklega munn og neftóbaks.

Rætt um að hafa árlegan samskiptadag í mars. Að þessu sinni verður áherslan á Samskipti í gegnum netið og sjálfsstyrkingu. Allir íbúar velkomnir. Finna þarf fyrirlesara.

Námsскеiðið sem haldið var 2. Janúar í Grunnskóla Húnaþings vestra tókst vel og engar hindranir í veginum að taka upp þá starfshætti sem þar voru kynntir.

Ákveðið að setja vímuvarnarauglýsingu í Sjónaukann í aðdraganda þorablótanna sem framundan eru.

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl: 11:00

Eydís Aðalbjörnsdóttir(sign) Karólína Gunnarsdóttir mætti ekki
Kristján Þorbjörnsson(sign) Magnús Magnússon(sign)
S. Kristín Eggertsdóttir(sign) Sigurður Þór Ágústsson(sign)

Fundargerð rituð af Eydísi Aðalbjörnsdóttur fræðslu- og félagsmálastjóra

Næsti fundur verður 16.febrúar klukkan 9.30-10.30